

Tilnefning í stjórn og varastjórn skal fara fram innan 14 daga frá aðalfundi NLFÍ ár hvert. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum með þeim takmörkunum, er á undan getur. Á fundum hennar ræður afl atkvæða. Hún skal starfa kauplaust, en nauðsynlegan kostnað greiðir félagssjóður NLFÍ. **210**
21. des.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur NLFÍ eru um leið endurskoðendur sjóðsins. Reikninga sjóðsins skal leggja endurskoðaða fyrir aðalfund NLFÍ til samþykktar árlega.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í rikisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða vel tryggðum skuldabréfum og að öðru leyti á þann hátt, sem stjórninni þykir best henta.

7. gr.

Gjafir til sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn, sem ekki má skerða, og enn fremur $\frac{1}{5}$ hluta af vöxtum sjóðsins.

8. gr.

$\frac{1}{5}$ hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið, eins og segir í 3. gr. Sjóðstjórn útlutar styrknum og er heimilt að draga saman styrktarfé tveggja eða fleiri ára og veita það í einu lagi.

9. gr.

Leita skal samþykkis lögmæts félagsfundar NLFÍ á skipulagsskrá þessari. Að því fengnu skal fyrsta sjóðstjórn kosin af núverandi stjórnunum NLFÍ og Heilsuhælistjóðs NLFÍ, og leitar hún staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi NLFÍ, og þarf til breytinganna samþykki $\frac{2}{3}$ hluta mætra félagsmanna.

Samþykkt á fundi í Náttúrulækningafélags Íslands 11. október 1945.

Halldór Stefánsson,
fundarstjóri.

Axel Helgason,
ritari.

VÍSITALA

framfærslukostnaðar í Reykjavík árið 1945.

211

Í janúar	274	stig	Í júlí	275	stig
- febrúar	274	—	- ágúst	275	—
- marz	274	—	- september	278	—
- apríl	274	—	- október	285	—
- maí	274	—	- nóvember	284	—
- júní	275	—	- desember	285	—